



VINSTRI GRÆN

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudaginn 11. Maí 2018.

7. fundur stjórnar VG, haldinn í Ketilshúsinu á Akureyri
Sameiginlegur fundur stjórnar og þingflokks

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Una Hildardóttir, Daníel Arnarson og Ragnar Karl Jóhannsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Einar Bergmundur, Rúnar Gíslason og Anna Guðrún Þórhallsdóttir. F.h. starfsfólks Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lía Björnsdóttir, Lía Kristjánsdóttir og Kári Gautason. Fh. EVG: Þóra Elfa Björnsson. F.h UVG: Gyða Dröfn Hjaltadóttir. Fh. Þingflokks: Kolbeinn Óttarson Proppé, Steinunn Þóra Árnadóttir, Ari Trausti Guðmunsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Fundur settur kl. 16.30.

Dagskrá:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og hún samþykkt.
- 2) Uppfærð fjárhagsáætlun vegna sveitarstjórnarkosninga 2018: Björg Eva kynnir uppfærða fjárhagsáætlun, framboð eru fleiri en áætlun gerði ráð fyrir.. Einnig er búið að sundurliða kostnað vegna hönnunarvinnu eins og beðið var um á síðasta fundi. Áætlun vegna kosninga er að standast og við höldum áfram.

Kl. 16.43 tekur Edward H. Huijbens sæti á fundinum.

- 3) Eftir hálf t. á ríkisstjórn: Katrín Jakobsdóttir fer yfir helstu verkefni sem unnið er að á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Umræður um stöðu á verkefna innan ríkisstjórnar. Minnisblaði um stöðu verkefna á vettvangi ríkisstjórnar verður dreift til framboða um land allt. Plaggið mun án efa nýtast frambjóðendum í baráttunni í sveitarstjórnarkosningunum framundan. Mikilvægt að unnið verði með skjalið þannig að það nýtist sem best.

Kl. 16.53 tekur Sóley Björk Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi sveitarstjórnarráð sæti á fundinum.

Kl. 17.02 tekur Guðmundur Ingi Guðbrandsson sæti á fundinum.

4) Eftir hálf t ár á þingi: Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir þingflokksformaður fer yfir stöðuna á þinginu. Staðan að mörgu leyti óvenjuleg með 3 flokka í stjórn og 5 í stjórnarandstöðu. Mikilvægt að halda vel utan um störf bæði stjórnar og þingflokks til að sjá hvað hefur áunnist. Mikilvægt að fara yfir hvernig geta þingmenn gagnast í sveitarstjórnarkosningum. Gríðarleg aukning til heilbrigðismála er okkar mál auk mikilla fjármuna til innviðauppbyggingar og umhverfismála. Mikilvægt að upplýsa formenn svæðisfélaga og aðra um landið um gang mála. Eftir kosningar er mikilvægt að virkja nýtt sveitarstjórnarráð og hefja samtal milli þingflokks og sveitarstjórnarráðs. Mikilvægt er að formgera hlutverk sveitarstjórnarráðs innan hreyfingarinnar. Sveitarstjórnarfólk finnur mikla þörf fyrir sameiginlegan vettvang til umræðna og stuðnings í sínum verkum. Sérstaklega þeir sem eru jafnvel einir í sveitarstjórn. Umræður um stöðuna á þinginu og hvernig nýta má ríkisstjórnarsamstarf í sveitarstjórnarkosningum. Stórt verkefni að byggja upp traust á stjórnmalum. Almennigur hefur misst traust á alþingi, að er ákall um ný og breytt vinnubrögð.

Kl. 17.15 taka Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Andrés Ingi Jónsson sæti á fundinum.

Kl. 17.48 tekur Steingrímur J. Sigfússon sæti á fundinum.

5) Eftir hálf t ár í grasrótinni – Edward H. Huijbens fer yfir stöðuna eftir hálf t ár í grasrótinni. Um að gera að standa með okkar stefnu. VG-rútan fer af stað hringinn í kring um landið í næstu viku til að heyra í grasrótinni. Vinna þarf að því að efla einstaka svæðisfélög og styðja við framboð til sveitarstjórna. Umræður á fundinum um stöðuna og hvernig við eflum samtal við almenna félag. Mikilvægt að halda utan um störf stjórnar og upplýsa félag okkar um það sem er verið að gera. Upplýsingaflæði verður að vera nokkuð stöðugt milli stjórnar og grasrótar. Hvert stefnum við sem hreyfing? Mikilvægt að taka sér pláss í umræðunni án þess að sýna valdhroka heldur í samtali við félag og almennig. Mikilvægt að gefa sér tíma í að stunda nýja tegund af stjórnmalum.

Upplýsingagjöf til almennra félaga þarf að bæta, VG-rútan er fínt fyrsta skref en mikilvægt að fylgja þeirri ferð eftir með markvissri vinnu. Mikilvægt að halda til haga reynslunni af fyrri ríkisstjórnarsamstarfi og læra af því. Við

þurfum að virkja félagana í starfinu t.d í gegnum málefnavinnu. Mikilvægt að málefnavinnan sé í fullum gangi á milli landsfunda. Skrifstofan er mikilvæg tenging við almenna féлага. Gott að fá reglulegt yfirlit um stöðuna meðal almennra féлага, þau eru í miklum tengslum við almenna félagsmenn. Sú hugmynd var nefnd að stofna málefnaþópa á flokksráðsfundi í haust sem myndu starfa fram að næsta landsfundi sem verður haldinn haustið 2019. Einnig kom sú hugmynd fram að þar sem VG er í meirihluta í sveitarstjórnnum yrði tekin saman afrekalisti til að vinna með í baráttunni.

6) Sveitarstjórnarkosningar:

- a) Gangur baráttu, framboð, blönduð og hrein – Katrín fer yfir stöðu framboðsmála á landsvísu. Bæði VG framboð og blönduð. Framboð fleiri en áætlað var og rífandi gangur í framboðum og mikill hugur í fólki.
- b) Praktísk mál – stefnt á næsta stjórnarfund þann 8. júní kl. Framkvæmdastjóri mun boða næsta stjórnarfund og kanna stöðuna á því.
- c) VG-rútan – Edward H. Huijbens fer yfir dagskrá VG-rútunnar sem fer í hringferð um landið í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Ennþá er hægt að bæta við heimsóknum í hringferðina. Virkja þarf félagsmenn og sveitarstjórnarmenn á hverjum stað.

7) Umræður um stjórn málaástandið.

Kynjahlutföll í stjórnnum, atvinnuveganefnd er að vinna frumvarp vegna mögulegra viðurlaga ef ekki er gætt að kynjahlutföllum í stjórnnum. Stjórnir skipaðar af ríkisvaldinu eru ekki með ásættanleg kynjahlutföll. Mikilvægt að reyna að skoða þetta.

8) Önnur mál

Umhverfisstefna fyrir hreyfinguna, er ekki nauðsynlegt að vinna hana fyrir okkur sem hreyfingu. Bæði fyrir skrifstofuna og starfssemina í heild.

Einar Bergmundur, Una, Rósa, Edward og Guðmundur Ingi skipa teymi sem vinna drög að umhverfisstefnu fyrir hreyfinguna.

Ný persónuverndarlög, hvað gerum við sem hreyfing vegna söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga. Framkvæmdastjórar flokka hafa fengið eina kynningu á nýjum lögum. Búið að gera samning um vörslu persónuupplýsinga sem uppfylla ný lög.

Fundi slitið kl. 19.53.